

## 2. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað, er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiri háttar brot hefur hundeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Búlandshreppi. Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu, sem síðan ákveður hvað skuli gert við hundinn.

## 3. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig eigi fram og/ eða vitjar hundsins ekki innan tveggja sólarhringa, hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi þegar í stað. Merktir hundar á flækingsi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra eigi innan eins sólarhrings og svara ekki til saka fyrir brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundi án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafi eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

## 4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Búlandshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. júlí 1987.*

F.h.r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Hrafn Pálsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 257 23. júní 1977 um gatnagerðargjöld í Eyrarbakkahreppi.

## 3. mgr. 14. gr.

Greiða má 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu fjórum árum. Skuldabréfin skulu tryggð með vði í viðkomandi fasteign. Gjaldalagi afborgana er 1. júlí. Vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum. Lánskjör skulu vera þau sömu og á lánnum Byggðasjóðs til gatnagerðar hverju sinni. Sveitarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1987.*

F.h.r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*